

Fréttir af markaði

Alls námu heildarútlán Íbúðalánasjóðs tæpum 8,0 milljörðum króna í september sem er ríflega 40% aukning frá fyrra mánuði. Þar af voru tæplega 5,6 milljarðar vegna almennra lána og tæpir 2,4 milljarðar vegna leiguíbúðalána. Heildarútlán sjóðsins námu rúmum 22,3 milljörðum króna á þriðja ársfjórðungi og hafa heildarútlán í einum fjórðungi ekki verið meiri síðan á öðrum ársfjórðungi 2004. Þar með nema heildarútlán sjóðsins rúmum 47 milljörðum það sem af er árinu 2008. Meðalútlán almennra lána námu um 11,3 milljónum króna í september og jukust lítillega frá fyrra mánuði eða um 3,5%.


Þann 8. september hélt Íbúðalánasjóður fimmta útböð íbúðabréfa á árinu 2008. Alls bárust tilboð fyrir 23,3 milljarða að nafnverði og ákveðið var að taka tilboðum að nafnverði 1,2 milljarðar króna í HFF24 á meðalávöxtunarkröfunni 4,78% án þóknunar, 2,7 milljarðar króna í HFF34 á meðalávöxtunarkröfunni 4,40% án þóknunar og 1,4 milljarðar króna í HFF44 á meðalávöxtunarkröfunni 4,21% án þóknunar. Útlánsvextir sjóðsins höfdu óbreyttir í kjölfarið.

Heildarvelta íbúðabréfa í september nam rúmum 223 milljörðum króna og jókst um 63% frá fyrra mánuði. Heildarvelta bréfanna nemur um 2116 milljörðum króna það sem af er árinu 2008.

Þann 29. september tilkynnti matsfyrirtækið Standard & Poor's að það hefði lækkað lánshæfismat Íbúðalánasjóðs vegna langtímaskuldbindinga í íslenskum krónum í 'A' úr 'A+'. Jafnframt var lánshæfiseinkunn vegna langtímaskuldbindinga í erlendra mynt lækkuð í 'A-' úr 'A'. Þá voru langtímaeinkunnir settar á athugunarlista með neikvæðum viðbendingum. Lánshæfiseinkunn fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendra mynt var lækkuð í 'A-2' úr 'A-1' og einkunn fyrir skammtímaskuldbindingar í íslenskum krónum 'A-1' var staðfest.




Í september lánaði Íbúðalánasjóður 8,9 milljarða úr nýjum lánaflókki til 7 fjármálfyrirtækja. Voru þetta lánveitingar til fjármálfyrirtækja í þeim tilgangi að endurfjármagna tímabundið íbúðalán sem þessi fyrirtæki hafa veitt gegn veði í íbúðarhúsnæði.

Greiðslur íbúðalánasjóðs námu tæplega 5,5 milljörðum króna í september og voru afborganir íbúðabréfa stærsti hluti þeirra eða ríflega 4,8 milljarðar króna.



Flokkur	Júl. 2008	Ágú. 2008	Sept. 2008	Meðal líftími	Nafn verð	Eft.st. nafnv.
HFF14	5,22%	5,03%	3,34%	2,9	71,8	46,2
HFF24	4,72%	4,66%	3,64%	7,1	148,7	124,2
HFF34	4,18%	4,34%	3,71%	10,5	143,8	132,5
HFF44	4,10%	4,19%	3,67%	13,8	219,8	209,5

**Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar.
Meðal líftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok september '08.
Af heildarútgáfu nafnverðs eru 7,2 ma. króna í hverjum flokki sem tilheyra lánafyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.*



Útböð, útlán og greiðslur íbúðalánasjóðs

Niðurstaða 2008				
Í milljörðum króna	Áætlun Q3	Raun Q3	Áætlun 2008	Raun jan-sept 2008
Útgáfa íbúðabréfa	17-19	18,3	47-51	34,3
Samtals ný útlán ÍLS	18-20	22,3	60-64	47,3
Greiðslur ÍLS	11-13	12,9	49-53	38,0

Endurskoðuð áætlun 2008					
Í milljörðum króna	1Q	2Q	3Q	4Q	Alls 2008
Útgáfa íbúðabréfa	0	16	17-19	14-16	47-51
Ný útlán ÍLS	11	14	18-20	17-19	60-64
Greiðslur ÍLS	12	13	11-13	13-15	49-53

